

**LÖG**

**um breyting á lögum nr. 33 22. apríl 1947, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Grímsneshreppi kirkjujörðina Stóru-Borg, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Orðin „en óheimilt er honum að selja hana aftur öðrum en Grímsneshreppi eða ríkissjóði og þá á fasteignamatsverði, nema þeir hafni kaupunum“ í 2. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 70/1974, falli brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 1. júní 1992.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Halldór Blöndal.***LÖG**

**um breytingu á lögum nr. 96/1990, um atvinnuleysistryggingar.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða III hljóði svo:

Á árunum 1992 og 1993 er Atvinnuleysistryggingasjóði heimilt að greiða þeim sem þegið hafa atvinnuleysisbætur í samtals fjóra mánuði eða lengur á tólf mánaða tímabili sambærilega uppbót og kjarasamningar aðila vinnumarkaðarins gera ráð fyrir. Í reglugerð, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, skal setja nánari reglur um uppbótina.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 1. júní 1992.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Sighvatur Björgvinsson.*